




KJÖLFFESTA

FRÉTTABRÉF STÉTTARFÉLAGS STARFSMANNA Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Kjölur stéttarfélag | Skipagötu 14 - þriðju hæð | 602 Akureyri | Sími 525 8383 | www.kjolur.is | Mars 2021 | 2. tölublað | 17. árgangur



VINNUVIKAN STYTTIST!

- » *Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB ræðir styttingu vinnuvikunnar*
- » *Fimm ára endurskoðun starfa í starfsmati*

- » *Aðalfundur Kjalar stéttarfélags framundan*
- » *Félagsstarfið á Teams á Covid-ári!*
- » *Starfið mitt*



Fimm af nýu aðalfulltrúum og varamönnum í stjórn Kjalar á fundi á Teams. Efri röð frá vinstri: Arna Jakobína Björnsdóttir, Hólmfríður Jónsdóttir og Arni Egilsson. Í neðri röð frá vinstri eru: Anna Klara Hilmarsdóttir og Ingunn Jóhannesdóttir.

Árið þegar dagleg störf færðust á netið

„Þegar ég hugsa til baka þá finnst mér eins og ég hafi varla annað gert en vera á fjárfundum allt síðasta ár, bæði vegna kjarasamninganna og svo í kjölfarið vegna vinnutímastyttingarinnar. Sú viðamikla breyting fyrir okkar fólk hefur tekið langmestan tíma síðustu mánuði og gerir enn því framundan er 1. maí þegar vinnutímastytting tekur gildi hjá vaktavinnufólki okkar,“ segir Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður Kjalar stéttarfélags.

Kórónuveirufaraldurinn hefur sannarlega sett mark sitt á starfsemi Kjalar frá því hann kom upp hér á landi snemma á síðasta ári. Vegna samkomutakmarkana varð til dæmis að slá aðalfundi félagsins, sem vera átti í marsmánuði, á frest og var hann haldinn í fjárfundi í byrjun september. Þar var ný stjórn til næstu þriggja ára sjálfkjörin en hana skipa Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður, Árni Egilsson, varaformaður, Hólmfríður Ósk Norðfjörð, meðstjórnandi, Ingunn Jóhannesdóttir, gjaldkeri en meðstjórnendur eru Elfa Björk Sturludóttir, Hólmfríður Jónsdóttir og Kristín Sigurðardóttir.

„Allt starf stjórnar hefur frá upphafi faraldursins verið á fjárfundum og það sama á við um samskipti við trúnaðarmenn, kynningarfundum vegna vinnutímastyttingarinnar og þannig má áfram telja. Samskipti við félagsmenn hafa einnig oft verið með fjárfundafyrirkomulaginu, auk hefðbundinna síma- og tölvusamskipta en heilt yfir er mér óhætt að segja að okkur hafi tekist vel að láta starfið ganga þrátt fyrir þær takmarkanir sem við höfum þurft að hafa á t.d. komum fólks hingað á skrifstofuna,“ segir Arna Jakobína.

Til gamans má nefna að þann 8. mars síðastliðinn var nákvæmlega ár síðan hún fór síðast í erindagjörðum fyrir félagið milli Akureyrar og Reykjavíkur í flugvél. „Allar götur síðan hefur allt lífið á vinnutímanum snúist um Teams fundi og samskipti yfir netið,“ segir hún.



Útgefandi:
KJÖLUR stéttarfélag starfsmanna í almannajónustu
 Skipagötu 14, þriðju hæð | Pósthólf 75 | 602 Akureyri
 Sími 525 8383 | Fax 525 8393
 kjolur@kjolur.is | www.kjolur.is
 Starfsmenn skrifstofu Kjalar:
 Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður - jakobina@kjolur.is
 Margrét Árnadóttir, fulltrúi - margret@kjolur.is

Ritnefnd:
 Hermína B. Sigurðardóttir
 Kristín Sigurðardóttir

Ábyrgðarmaður:
 Arna Jakobína Björnsdóttir
 Umsjón, textavinnsla og uppsetning:
 Ritform ehf., Akureyri

Prentun: Litróf umhverfissvöðu prentsmiðja



Reynihlið í Munaðarnesi endurbyggð

Stærsta framkvæmd á vegum Kjalar þessi misserin er við orlofshúsið Reynihlið í Munaðarnesi. Húsið er það stærsta af orlofshúsum félagsins á svæðinu, byggt á steiptum grunni og til þess vandað á sínum tíma. Nú var hins vegar tími kominn til að ráðast í gagngera endurnýjun hússins sem segja má að sé endurbyggt bæði að innan og utan; klæðningar, gluggar og hurðir, veggir, loft og gólf, auk innréttinga. Húsið verður því eins og nýtt að þessu loknu.

Í nýttkomnu orlofsblaði Kjalar er vakin athygli á að húsið verður ekki til úthlutunar að sinni þar sem fyrirséð er að framkvæmdir munu standa eitthvað fram á sumarmánuðina. Vonir standa þó til þess að hægt verði að leigja húsið út áður en sumarorlofstímanum lýkur. Verður það þá gert eftir fyrirkomulaginu „fyrstur kemur – fyrstur fær“. Félagsmenn eru beðnir um að fylgjast með heimasíðu félagsins þar sem tilkynning mun birtast þegar opnað verður á pantanir.



Sterkir sjóðir Kjalar

Ársreikningar sjóða Kjalar vegna rekstrarársins 2020 liggja fyrir og sýna almennt sterka stöðu. Eftirfarandi tölur eru þó birtar með fyrirvara um samþykki stjórnar á ársreikningum.

Stærstur er orlofssjóður en ársreikningur sjóðsins var ekki tilbúinn þegar Kjölfesta fór í prentun. Ársreikningurinn mun liggja fyrir á heimasíðu Kjalar tímanlega fyrir aðalfund 25. næstkomandi.

Félagssjóður skilaði rúmlega 10,5 milljóna hagnaði í fyrra og voru eignir hans í árslok tæpar 101,5 milljónir króna. Bókfært eigið fé sjóðsins var 99,5 milljónir.

Eignir fræðslusjóðs voru í árslok tæpar 62 milljónir og bókfært eigið fé tæpar 61,2 milljónir. Hagnaður sjóðsins nam tæpum 8,2 milljónum króna í fyrra.

Átaks- og vinnudeilusjóður var rekinn með rúmlega 5,1 millj. kr. hagnaði. Eignir sjóðsins námu í árslok rúmum 95,40 milljónum króna.

Mannauðssjóður var rekinn með rúmlega 6,3 milljóna hagnaði en eignir hans námu í árslok rúmum 18 milljónum króna.

Streymt frá aðalfundi

Aðalfundur Kjalar stéttarfélags verður haldinn kl. 17 fimmtudaginn 25. mars næstkomandi í Hömrum í menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Taka þarf mið af sóttvarnareglum hvað fjölda þátttakenda varðar en til að auðvelda félagsmönnum að fylgjast með fundinum verður hann í beinu streymi á netinu. Tenging verður á fundinn í gegnum heimasíðu Kjalar, www.kjolur.is



Aukin þjónusta við félagsmenn með „Mínum síðum“

Á síðasta ári varð breyting á þjónustu Kjalar stéttarfélags við félagsmenn sína þegar „Mínar síður“ bættust við á heimasíðu félagsins, www.kjolur.is. Þetta segir Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður, að sé veruleg framför í samskiptum við félagsmenn og um leið mikilvægt öryggistæki hvað varðar samskipti með persónugreinanlegar upplýsingar.

„Mínar síður á heimasíðunni eru settar á fót á grundvelli persónuverndarstefnu félagsins. Í starfi eins og okkar er nauðsynlegt að eiga samskipti við félagsmenn með gögn sem tengjast viðkomandi og geta oft á tíðum verið viðkvæmar persónulegar upplýsingar. Okkur er því ekki heimilt að senda slíkt með t.d. tölvupósti en getum þess í stað nýtt þetta svæði. Þess utan geta félagsmenn líka sjálfir haldið utan um sínar grunnupplýsingar hjá félaginu í gegnum „Mínar síður“, haft samskipti við okkur hér á skrifstounni og átt þannig samskiptasögu sína aðgengilega á svæðinu. Við sjáum strax mikinn ávinning af því bæði fyrir félagsmenn og félagið sjálft að samskiptin færast þarna inn, auk þess sem við erum einnig að tengja aðgengi að orlofsvef og styrktarsjóðnum við „Mínar síður“. Markmiðið er að halda áfram að þróa þennan vettvang jafnt og þétt á komandi árum til samskipta og þjónustu við félagsmenn,“ segir Arna Jakobína.

Katla félagsmannasjóður – hvers vegna?

Í kjarasamningum aðildarfélaganna BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga (SÍS) árið 2020 var samið um framlag atvinnurekenda til sérstaks félagsmannasjóðs. Tilurð hans má rekja til jöfnunar lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins og þess að í síðustu kjarasamningum var samið um slíkan sjóð við stéttarfélög innan Alþýðusambands Íslands fyrir félagsmenn sem starfa hjá sveitarfélögum. Á almennum vinnumarkaði hækkuðu mótframlög launagreiðenda um 3,5% til lífeyrissjóðanna sem bætti heildarkjör starfsmanna sem því nemur. Ríki og sveitarfélög sömdu við aðildarfélög ASÍ um 1,5% lífeyrisauka, byggt á sömu forsendum og gilda um lífeyrisauka sjóðfélaga hjá Brú og LSR þrátt fyrir að engar breytingar væru gerðar á réttindaávinnslu í sjóðum sem ASÍ félagar greiða til.

Félagmannasjóður félaga í BSRB var sanngirniskrafa

Í ljós kom að greiðslur úr nýjum félagsmannasjóði SÍS og aðildarfélaganna ASÍ renna beint til allra félagsmanna og engin skilyrði eru fyrir greiðslunni. Gamlir sem nýir félagsmenn eiga rétt á þeim. Félagmannasjóðirnir eru ekki lífeyrissjóðir og greiðslurnar renna ekki til öflunar lífeyrisréttinda heldur beint í vasa félagsmanna. Við þetta fyrirkomulag gátu BSRB félögin ekki unað. Að fólki sem starfar hlið við hlið væri mismunað, hópur SGS fengi eingreiðslu 1. febrúar ár hvert en ekki BSRB fólk. Því taldi BSRB að forsendur breytinga á lífeyrissjóðum væru brostnar og að SÍS hefði sviðið lífeyrissjóðabreytinguna og því

væri ekki hægt að fallast á að félagsmenn BSRB ættu ekki kost á félagsmannasjóði.

Katla verður til – nýtið rétt ykkar!

Erfiðlega gekk við samningaborðið að fá SÍS til að samþykkja kröfu BSRB félaga um félagsmannasjóð fyrir alla. Viðræðum var slitið og farið í fundaherferð sem lauk með atkvæðagreiðslu um verkfall sem hefjast átti 8. mars 2020. Samkomulag náðist þó að lokum og til varð sérstakur félagsmannasjóður sem ber nafnið Katla og greiðir atvinnurekandi 1,24% af launum starfsmanns inn í sjóðinn.

Katla er jöfnunarsjóður sem hefur það hlutverk að tryggja félagsmönnum BSRB sem starfa hjá sveitarfélögum og eru í sömu störfum og ASÍ félagar sömu fjárhæð til útgreiðslu. Greitt er úr Kötlu félagsmannasjóði árlega, allt að 80.000 kr. til félagsmanns samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins og er mikilvægt að félagsmenn sem eiga rétt á greiðslu láti ekki hjá líða að sækja um í hann. Úthlutun hefur dregist úr hófi fram en greitt verður úr sjóðnum í apríl. Þar sem þetta er fyrsta árið og margir eiga eftir að sækja um þá verður opnað á umsóknir aftur með útborgun í haust.



Sótt er um á síðu sjóðsins <https://katla.bsrb.is/>



Þeir sem rétt eiga í Kötlu félagsmannasjóði geta fengið allt að 80 þúsund króna greiðslu úr honum í ár. Opnað verður á ný fyrir umsóknir hjá sjóðnum og greitt út í haust.

Stytting vinnuvikunnar

Þann 1. maí næstkomandi tekur gildi ákvæði síðustu kjarasamninga aðildarféлага BSRB við ríki og sveitarfélög um styttingu vinnuviku vaktavinnufólks en sem kunnugt er tók stytting vinnuvikunnar gildi hjá dagvinnufólki um síðustu áramót. Meginmarkmið breytinganna er að stuðla að umbótum í starfsemi ríkisstofnana og sveitarféлага, bæta vinnustaðamenningu og auka samræmingu vinnu og einkalífs án þess að draga úr skilvirkni og gæðum þjónustu.

Helstu breytingarnar eru þær að vinnuvikan styttest og launamyndun vaktavinnufólks tekur mið af fleiri þáttum en áður. Vinnuvikan styttest að lágmarki úr 40 í 36 virkar vinnustundir en viðbótarstytting í allt að 32 virkar vinnustundir er möguleg og grundvallast á mismunandi vægi vinnustunda.

Breytingarnar eru til þess fallnar að auka möguleika vaktavinnufólks til að vinna í hærra starfshlutfalli en áður og hækka þannig tekjur sínar.

Vaktahvati nýjung

Í nýju launamyndunarkerfi fjölga vaktaálagsflokkum og greiddur er sérstakur vaktahvati sem er nýjung og greiðist sem hlutfall mánaðarlauna vegna fjölbreytileika og fjölda vakta á launatímabili samkvæmt skipulögðum vöktum innan vinnutímaskyldu. Uppfylla þarf ákveðin skilyrði til að eiga rétt á vaktahvata. Þau er hægt að lesa út úr meðfylgjandi skýringarmynd.



Ávinningur fyrir starfsfólk og vinnustaði

Markmið með styttingu vinnuvikunnar er að bæta starfsumhverfi og launamyndun vaktavinnufólks með það að leiðarljósi að:

- auka öryggi vaktavinnufólks: starfsfólks og skjólstaðinga
- vaktavinna verði eftirsóknarverðari
- bæta samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs
- vinnutími og laun taki betur mið af vaktabyrði og verðmæti staðins tíma
- bæta andlega, líkamlega og félagslega heilsu starfsfólks
- bæta starfsumhverfi
- stytta vinnutíma
- auka stöðugleika í mönnun
- gera launamyndunarkerfi einfaldara og gagnsærra
- draga úr þörf og hvata til yfirvinnu
- auka hagkvæmni í nýtingu fjármuna
- bæta gæði opinberrar þjónustu

Nýtið ykkur Vaktareikninn!

Meðal þeirra ítarlegu upplýsinga um styttingu vinnuvikunnar sem nú eru launþegum aðgengilegar á heimasíðunni www.betrivinnutimi.is er svokallaður Vaktareiknir. Um er að ræða gagnvirkt tæki sem gefur vaktavinnufólki kost á að fá glögga mynd af áhrifum kerfisbreytinga í vaktavinnu sem taka gildi 1. maí næstkomandi á vinnumagn og laun út frá fyrirliggjandi forsendum hvers og eins.

Í fyrsta skrefi eru slegið inn það starfshlutfall sem starfsfólk verður í frá 1. maí, ásamt vöktum sem ná yfir eitt launatímabil / einn mánuð.

Í skrefi tvö þarf að velja velja stéttarfélag, launagreiðanda, launaflokk og þrep (sjá launaseðil). Þegar það hefur verið valið birtist niðurstöðutafla sem sýnir launamyndun og vinnumagn miðað við þær forsendur sem voru settar inn í fyrri glugga þ.e. starfshlutfall og vaktaskipulag starfsmanns.

Ítarlegri upplýsingar um notkun Vaktareiknisins er á finna á www.betrivinnutimi.is og er vaktavinnufólk hvatt til að nýta sér þetta tæki nú í aðdraganda kerfisbreytinganna.

Lífsgæði aukast með styttri vinnuviku

Rætt við Sonju Ýr Þorbergsdóttur, formann BSRB um framkvæmd vinnutímastyttingarinnar

Kjarasamningar opinberra starfsmanna á síðasta ári munu skipa sérstakan sess í sögunni þar sem með þeim var stigið skref til styttingar vinnuvikunnar sem verið hafði baráttumál BSRB félaga um áratuga skeið. „Ég verð að segja fyrir mitt leyti að það hefur komið skemmtilega á óvart að tímalínan sem sett var um útfærslu vinnuvikustyttingarinnar hefur í aðalatriðum staðist. Við höfum vissulega lent í brekkum í þessari vinnu en samt engum sem voru óvæntar né óyfir-stíganlegar,“ segir Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB.

Betri heilsa og meira jafnvægi vinnu og einkalífs

Dagvinnufólk er stærsti hópur þeirra félagsmanna BSRB sem vinnutímastyttingin nær til og tók hún gildi fyrir þann hóp um síðustu áramót. Í kjarasamningsgerðinni var ákveðið að gefa lengri undirbúningstíma fyrir vaktavinnufólkið en hjá þeim hópi tekur vinnutímabreytingin gildi þann 1. maí næstkomandi.



Sonja Ýr segir rauða þráðinn í samkomulaginu um styttingu vinnuvikunnar að auka lífsgæði fólks með því að stuðla að betri heilsu og meira jafnvægi milli vinnu og einkalífs. „Undanfari vinnuvikustyttingarinnar inni á vinnustöðunum er í öllum tilfellum umbótasamtal sem þarf að eiga sér stað um hvernig þessum markmiðum verður best náð án þess að það bitni á afköstum. Ástæðan fyrir því að við gáfum lengri tíma fyrir vaktavinnuhópinn var sú að þar þarf að gera meiri breytingar

en hjá dagvinnufólkinu. Styttingin í dagvinnu byggðist á því að hægt væri að ná gagnkvæmum ávinningi með því að nýta vinnutímamann betur, ræða leiðir að markmiðinu og ákveða útfærsluna. Á vinnustöðunum er mjög mismunandi hvaða verkefnum er verið að sinna og með hvaða hætti og þess vegna var best að starfsfólkið hefði aðkomu að því hvernig vinnulaginu yrði breytt til að ná heildarmarkmiðunum með vinnuvikustyttingunni fram. Til okkar berast staðfestingar á því þegar umbótasamtölunum er lokið og almennt teljum við að framkvæmd breytinganna um áramótin hafi gengið nokkuð vel fyrir sig,“ segir Sonja Ýr og bætir við að hún verði vör við mikla ánægju dagvinnufólks með breytingarnar.

„Undanfari vinnuvikustyttingarinnar í kjarasamningum voru tilraunaverkefni hjá ríkinu og Reykjavíkurborg og mér finnst þau viðbrögð sem ég hef fengið á síðustu vikum ríma vel við reynsluna sem þar fékkst á sínum tíma. Margir tala um að þeir upplifi aukin lífsgæði sem felist í vinnutímastyttingunni og það er enginn vafi í mínum huga að þetta er gríðarlega mikilvæg breyting fyrir okkar fólk,“ segir hún.

Ólík nálgun hjá ríki og sveitarfélögum

Miðað við þær tilkynningar sem BSRB höfðu borist í byrjun marsmánaðar stytta 75% stofnana hjá ríkinu vinnuvikuna niður í 36 stundir, 20% fara blandaða leið og 5% fara í lágmarks



Miðað við tilkynningar sem borist höfðu til BSRB nú í byrjun mars var útfærsla vinnuvikustyttingarinnar þannig hjá annars vegar sveitarfélögum (súlurit) og hins vegar stofnunum ríkisins (skífurit). Hjá ríkinu stytta 75% stofnana vinnuvikuna niður í 36 stundir, 20% fara blandaða leið og 5% fara í lágmarks styttingu.



„Allar rannsóknir sýna hversu slæm áhrif mikið álag í vaktavinnu hefur á heilsu fólks og ef ég ætti að velja eitt atriði umfram önnur af markmiðum með vinnutímastyttingunni þá met ég ávinninginn fyrir heilsu fólks mest,“ segir Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB.

styttingu. Hjá Reykjavíkurborg eru nær allir vinnustaðir búnir að stytta vinnuvikuna í 36 stundir á viku. Flestar stofnanir sem ekki fóru strax í hámarksstyttingu eru að skoða næstu skref og markmiðið er að fara í 36 stundir.

„Hins vegar eru tölurnar talsvert aðrar hjá sveitarfélögum, öðrum en Reykjavíkurborg, hverjar sem ástæðurnar eru. Lengi vel var sá misskilningur uppi hjá sveitarfélögum að matarhlé og kaffitímar hafi verið seld upp í vinnutímastyttinguna sem auðvitað er ekki rétt. Starfsmenn þurfa áfram hlé frá störfum, enda stórt vinnuverndarmál. Hugsunin var að þar sem það er hægt séu hlé ekki tímasett sérstaklega heldur séu teknar pásur til að borða eða grípa sér kaffibolla þegar það hentar miðað við þau verkefni sem unnið er að. Fjölmargir vinna hins vegar þannig störf að það þarf að leysa þá af eða tryggja þeim hlé með öðrum hætti. Það á að vera hluti af samtalinu sem er tekið á vinnustaðnum hvernig eigi að haga hléum út frá því hvernig starfsemin er og gæta þess að fólk fái nauðsynlega hvíld frá störfum,“ segir Sonja Ýr.

Stór áfangi fyrir vaktavinnufólkið

Mikil undirbúningsvinna hefur staðið yfir að undanfögnu vegna gildistöku vinnuvikustyttingar hjá vaktavinnufólki þann 1. maí. Sonja Ýr segir að margt spili inn í þessa mynd; ólíkir vinnustaðir, ólík kerfi sem haldi utan um vinnutímaskráningu og margt fleira. Markmiðið sé engu að síður nákvæmlega það sama fyrir þennan hóp og dagvinnufólkið, þ.e. betri heilsa starfsfólks, aukið öryggi og meira jafnvægi milli vinnu og einkalífs.

„Þegar nær dregur tímasetningunni 1. maí mun vaktavinnufólkið geta mátað sig inn í kerfið og séð hvernig styttingin

kemur út í hverju og einu tilviki. Fyrir þennan hóp verður vinnuvikan stytt niður í 36 stundir og vitað er að breytingin mun kalla á meiri mannskap á vaktavinnustöðunum. Sú krafa okkar að 80% starf vaktavinnufólks jafngildi 100% launum var viðurkennd með því að stytta vinnuviku þessa fólks niður í 36 stundir vegna þess að það er möguleiki á enn frekari styttingu eða niður í 32 stundir fyrir þá sem ganga þyngstu vaktirnar. Við erum því að ná mjög stóru takmarki hjá vaktavinnustarfsfólkinu okkar,“ segir Sonja Ýr.

Umbreyting vinnumarkaðarins eftir hálfu öld

Lögin um 40 stunda vinnuviku hafa verið í gildi frá árinu 1971 eða í rétta hálfu öld. Sonja Ýr segir að það sé söguleg stund nú þegar loks sé hreyft við þessu kerfi.

„Við tölum sjálf um fyrstu skrefin í hálfu öld í átt að breyttum vinnutíma en aðrir vilja ganga enn lengra og segja þetta stærstu tíðindin á íslenskum vinnumarkaði frá setningu vökulaganna fyrir 100 árum. Í öllu falli eru þetta tímamót á vinnumarkaði og breyting á vinnumenningu sem klárlega mun marka framtíðina. Ég á ekki von á öðru en þetta sé upphafið á víðtækari framþróun á vinnumarkaði enda eru engin vísindaleg rök að baki því að vinnuvika skuli vera 40 klukkustundir. Við höfum líka tölur sem sýna okkur skýrt að sum störf er ekki hægt að vinna í 40 stundir á viku án þess að starfsfólkið gangi á heilsu sína. Þess vegna er svo mikilvægt að við förum í þessar umbætur á vinnumarkaðnum. Allar rannsóknir sýna hversu slæm áhrif mikið álag í vaktavinnu hefur á heilsu fólks og ef ég ætti að velja eitt atriði umfram önnur af markmiðum með vinnutímastyttingunni þá met ég ávinninginn fyrir heilsu fólks mest,“ segir Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB.

Bera nú starfsheitið heilbrigðisgagnafræðingar

Starfsfólk sjúkrahúsa sem áður bar starfsheitið lækningar fékk árið 2019 starfsheitið heilbrigðisgagnafræðingar. Til að útskrifast sem heilbrigðisgagnafræðingur þarf að ljúka tveggja ára diplómanámi frá Háskóla Íslands sem bæði felur í sér 90 eininga (ECT) bóklegt nám og starfsnám en þeir lækningar sem höfðu fengið löggildingu árið 2019 ljúka náminu á styttri tíma.

Nú eru 8 starfsmenn á Sjúkrahúsinu á Akureyri í náminu og ein þeirra er Barbara Arna Hjálmarsdóttir sem starfar á bæklunarskurðeild. Hún hefur starfað sem lækningari um 12 ára skeið og var með löggildingu í starfi en segir nýja starfsheitið mun betur lýsa þeim yfirgrípsmiklu verkefnum sem heilbrigðisgagnafræðingar annast. Námið segir hún afar gagnlegt.

Rétt meðferð gagna mikilvæg

„Þetta er yfirgrípsmikið nám, krefjandi en geysilega skemmtilegt,“ segir Barbara Arna sem mun ljúka náminu nú í vor.

„Mér finnst ég læra margt nýtt, jafnvel þó ég hafi góða innsýn í starfið. Við erum að læra mikið um lagalegu hliðar starfsins; persónuverndarlöggjöfina og meðferð persónuupplýsinga, lagaákvæði um réttindi sjúklinga, lög um sjúkraskrár og margt fleira. Í okkar starfi erum við alla daga með mjög viðkvæmar persónugreinanlegar upplýsingar í höndum sem miklu skiptir að rétt sé með farið. Þess vegna finnst mér nafnið heilbrigðisgagnafræðingur lýsa starfssviði okkar mjög vel,“ segir Barbara Arna.



Barbara Arna Hjálmarsdóttir.

Mikil vinna að baki hverri heimsókn sjúklings

Starf heilbrigðisgagnafræðings felur í sér mikil samskipti bæði við sjúklinga og annað fagfólk sjúkrahússins. „Okkar samskipti eru þverfagleg og taka til t.d. hjúkrunarfræðinga, lækna, sjúkráþjálfara og fleiri faghópa en mest eru þau þó við sjúklingana og sérfræðingana. Þetta er mikil skipulagning og utanumhald gagna. Að baki hverri komu sjúklings liggur mikil vinna hjá okkur og oft er það þannig að þó við vinnum mikið með gögn viðkomandi sjúklings þá hittum við hann aldrei. En í öðrum tilfellum getum við hins vegar þurft að aðstoða sjúklinga með leiðbeiningum um næstu skref í þeirra ferli eða annað slíkt. Starfið er því orðið mjög viðamikil í dag og fjölbreytt,“ segir Barbara Arna.

Fulltrúar Kjalar á þing BSRB

Fyrir aðalfund Kjalar þann 25. mars verður lögð tillaga stjórnar félagsins um kjör fulltrúa á 46. þing BSRB sem halda á í október næstkomandi. Kjósa skal 9 fulltrúa og jafn marga til vara. Tillaga stjórnar er eftirfarandi:

Aðalfulltrúar

Anna Klara Hilmarsdóttir
Arna Jakobína Björnsdóttir
Árni Egilsson
Elfa Björk Sturludóttir
Hólmfríður Jónsdóttir
Hólmfríður Ósk Norðfjörð
Ómar Örn Jónsson
Ingunn Jóhannesdóttir
Kristín Sigurðardóttir

Varamenn

1. varamaður Helga I. Jóhannsdóttir
2. varamaður H. Brynja Sigurðardóttir
3. varamaður Kristín Kristjánsdóttir
4. varamaður Halla Steinunn Tómasdóttir
5. varamaður Friðrik Þór Jónsson
6. varamaður Sigríður María Bragadóttir
7. varamaður Sigurbjörg Björnsdóttir
8. varamaður Guðrún Jóhannesdóttir
9. varamaður Halldóra Jóhannsdóttir



Fimm ára endurskoðun starfa í starfsmati

Með vísun í bókun sem fylgir síðustu kjarasamningum við Samband íslenska sveitarfélaga hefur Verkefnastofa starfsmats óskað eftir starfslýsingum frá sveitarfélögum vegna fimm ára endurskoðun starf í starfsmati. Mikilvægt er að félagsmenn í þeim störfum hjá sveitarfélögunum fylgi því eftir við sinn vinnuveitanda að starfslýsingar séu uppfærðar með reglulegum hætti og ekki sjaldnar en á fimm ára fresti.

Hvað er starfsmat?

Starfsmat er aðferð til að leggja samræmt mat á ólíkum störfum, aðferð til að gera bæði forsendur og rök að baki launaákvörðunum skýrari og leið til að ákvarða sömu laun fyrir sambærileg eða jafn verðmæt störf.

Starfsmatskerfið er greiningartæki sem er notað til að meta með kerfisbundnum hætti þær kröfur sem störf gera til starfsmanna. Kerfið byggir á hlutlægum viðmiðum sem notuð eru til að bera saman störf í samræmi við þær kröfur sem í störfunum felast, óháð hæfni þeirra sem þau vinna. Markmið starfsmats er að tryggja að starfsmönnum séu ákvörðuð laun með eins málefnalegum og hlutlægum aðferðum og hægt er og á þetta að leiða til þess að störfum sé raðað þannig til grunnlauna að þau séu hin sömu fyrir störf sem metin eru jafn krefjandi, óháð starfsstöðum, stéttarfélagi eða kyni.

Hvað er starfslýsing?

Starfslýsing er mikilvægur grunnur þess að starfsmaður sé rétt staðsettur í launatöflu og þess vegna skiptir það laun-



STARFSMAT

þega miklu máli að breytingar á störfum skili sér inn í uppfærða starfslýsingu.

Í starfslýsingu skal tilgreina megin tilgang starfsins þar sem tekið er mið af markmiðum og kröfum deildar / sviðs / stofnunar eða sveitarfélags. Telja skal upp helstu verkefni í starfinu en þar er átt við verkefni sem starfsmaður þarf að sinna flesta eða alla daga, verkefni á dæmigerðum vinnudegi og hvernig þau eru unnin, t.d. með hvaða búnaði.

Tilgreina skal menntunarkröfur, kröfur um sérstaka reynslu eða hæfni og tilgreina eðli samskipta í starfinu. Í starfslýsingu þarf einnig að koma fram við hvaða aðstæður er unnið, úti eða inni, í miklum hita eða kulda, hvort aðstæður séu hættulegar og svo framvegis. Jafnframt þarf í starfslýsingu að tilgreina hvort um mannaforráð er að ræða og sé svo þá þarf að tilgreina fjölda undirmanna og starfsheiti.





Starfið mitt

Jóhann Thorarensen á vinnustað sínum í ræktunarstöð Akureyrarbæjar. Framleiðsla sumarblómanna er komin í fullan gang.

Blómabeð og matjurtagarðar

„Ég heyri fólk oft tala um að Akureyri sé fallegur bæ. Blómabeðin og gróðurinn eiga stóran þátt í þeirri upplifun,“ segir Jóhann Thorarensen, garðyrkjumaður, sem stýrir ræktunarstöð Akureyrarbæjar. Hún sér um framleiðslu á öllum gróðri fyrir Akureyrarbæ, þ.e. á sumarblómum, trjáplöntum og skrautrunnum en frá stöðinni fara 32-34 þúsund sumarblóm í beð og blómaker bæjarins á vorin. Auk þess að planta út blómum, vökva og annast um beðin og blómakerin í bænum sjá Jóhann og starfsmenn hans einnig m.a. um matjurtagarða sem eru við ræktunarstöðina í Innbænum á Akureyri þar sem um 300 þátttakendur eru með reiti og rækta matjurtir.

Blómum þrýddur bæ

„Flest erum við um 20 í starfi yfir sumartímann en þegar rólegast er að gera í desember og janúar þá er ég einn. Síðan lifnar jafnt og þétt yfir starfseminni frá byrjun febrúar þegar við byrjum að undirbúa framleiðsluna fyrir sumarið,“ segir Jóhann.

Blómabeð í umsjón ræktunardeildarinnar eru víðs vegar um bæinn og eru blómin sett í þau ár hvert eftir fyrirfram ákveðinni forskrift. „Það eru stundum breytingar á litum milli ára en fólk vill hafa þetta í föstum skorðum. Einu sinni skipti ég á morgunfrúm og stjúpum í beðunum á Eiðsvellinum og fékk strax hringingar og athugasemdir. Sem mér fannst gott því

það er til merkis um að fólk tekur eftir blómunum og hefur á þeim skoðanir,“ segir Jóhann. Mikið er um blóm á miðbæjar-svæðinu, við kirkjutröppurnar, á Eiðsvellinum, Hamarkotstúinu og víðar. Akureyri er sannarlega blómum þrýddur bæ.

Matjurtagarðarnir hafa slegið í gegn

Annar mikilvægur hluti starfseminnar eru msjón með matjurtagörðunum í Innbænum. Forverar þeirra voru skólagarðar en frá 2009 hafa bæjarbúar átt þess kost að sækja um lítinn skika í görðunum til að rækta matjurtir. Hugmyndinni að matjurtagörðunum hratt Jóhann í framkvæmd.

„Í kjölfar bankahrunsins varð mikil sprenging í áhuga fólks á eigin ræktun matjurtar og nú eru þátttakendur hjá okkur um 300 talsins. Fólk fær 15 fermetra reit til ræktunar, getur pantað hjá okkur helstu kálplöntur og svo veitum við leiðsögn við útplöntun á þeim, sáningar á öðrum matjurtum og svo framvegis. Hér er því mikil umferð fólks frá vorin og langt fram á haust. Margir eru hjá okkur ár eftir ár, aðrir færa sig með sína ræktun heim í garð þegar þeir hafa lært inn á matjurtaræktunina hér og þannig má áfram telja. Fólk leitar til okkar eftir leiðbeiningum og svo hjálpast fólk mikið að; þeir reyndari segja nýliðunum til. Matjurtagarðarnir hafa því þróast á mjög skemmtilegan hátt,“ segir Jóhann.

Gefandi að vinna með öldruðum

„Það hafa allir gott af því að vinna við öldrunarþjónustu enda fær maður víðari sýn á lífið og tilveruna í gegnum vinnuna,“ segir Arnar Símonarson sem starfar við umönnun aldraðra á Dalbæ, heimili aldraðra á Dalvík.

Viðburðir léttu lund á Covid-tímanum

Undanfarnir mánuðir hafa reynt mikið á starfsfólk og íbúa öldrunarheimilanna á landinu.

„Við höfum reynt hér á Dalbæ að gera þetta ástand bærilegra fyrir íbúana með fjölbreyttum hætti. Þar höfum við notið þess að eiga öflugan bakhjarl í nýstofnuðum Hollvinasamtökum Dalbæjar. Í sumar veittu þau til Dalbæjar fjárhæð sem hefur nýst okkur til að hlúa að andlega þætti íbúanna með ýmsum uppákomum. Við settum upp þrjá viðburði, þ.e. pizzakvöld, streymistónleika þar sem Friðrik Ómar, Matti Matt og Eypór Ingi sungu sig inn í hjörtu íbúanna og loks buðum við upp á jólaglögg og danskar eplaskífur í aðdraganda jóllanna. Þetta hafði mikið að segja fyrir íbúana í faraldursástandinu. Reyndar fengum við svo í framhaldi af þessum viðburðum styrk frá aðila sem ekki vill láta nafn síns getið og gátum boðið upp á austurlenskt kvöld þessu til viðbótar. Ég er ekki í vafa um að þessir viðburðir allir, auk þorrablótis og góugleði, hafi fleytt okkur áfram í gleðinni,“ segir Arnar.

„Faraldrinum hefur óneitanlega fylgt talsverð einangrun fyrir íbúana en mér finnst þeir hafa sýnt alveg ótrúlega þrautseigju og þolinmæði. Það getur ekki verið skemmtilegt fyrir þetta fólk að þurfa svo vikum og mánuðum skiptir að umgangast starfsfólk sem er með grímur fyrir andliti og getur þeim engin svipbrigði sýnt nema með augunum. Þess vegna var það mikill léttir þegar við fengum bólusetningu og hægt var að fella grímuna,“ segir Arnar.

Dagarnir fullir af skemmtilegheitum

Arnar lærði á sínum tíma tólmstundafræði í Danmörku og útskrifaðist árið 1993. Síðan þá hefur hann unnið við kennslu, í þjónustu við aldraða og sem flugþjónn.

„Fyrst vann ég á Dalbæ þegar ég var 24 ára og hef síðan unnið hér með hléum í gegnum árin. Þetta er sérlega gefandi starf, engir tveir dagar eins og maður upplifir óskaplega mikið þakklæti frá íbúunum. Dagarnir eru því fullir af jákvæðu andrúmslofti og skemmtilegheitum. Eldra fólkið á allt gott skilið frá okkur sem yngri erum. Ég vildi bara óska þess að það væru fleiri karlmenn í umönnun aldraðra því þess þarf,“ segir Arnar en af sex karlmonnum sem vinna á Dalbæ eru þrír í umönnun. Í heild eru hátt í 50 starfsmenn við heimilið en heildarfjöldi íbúa og hvíldaryrma er um 40 talsins.



Starfið mitt

„Dagarnir eru fullir af jákvæðu andrúmslofti og skemmtilegheitum,“ segir Arnar Símonarson sem starfar við umönnun á Dalbæ á Dalvík.

„Og síðast en ekki síst þarf alltaf að muna að þó fólk sé komið á efri ár eða þurfi aðstoð við daglegar athafnir þá er það hreint ekki dottið út úr öllu í daglega lífinu. Íbúar Dalbæjar eru þannig alveg jafn spenntir fyrir pizzakvöldum og öðrum slíkum uppákomum eins og við hin,“ segir Arnar og bætir við að íbúarnir horfi með eftirvæntingu og gleði til vorkomunnar og sumarsins. „Við reynum að nota öll tækifæri sem gefast til að fara út og njóta góða veðursins.“

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Kjalar stéttarfélags
verður haldinn kl. 17 þann 25. mars 2021
í Hömrum í menningarhúsinu Hofi á Akureyri

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Kosning fulltrúa á þing BSRB
3. Önnur mál

Stjórn Kjalar stéttarfélags

Fjöldi fundarmanna er takmarkaður í samræmi við sóttvarnareglur.
Streymi frá fundinum verður á heimasíðu Kjalar, www.kjolur.is

